


## Varðar: Snorrabraut 85 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. september 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í bílskúr við hús á lóð nr. 85 við Snorrabraut.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Snorrabraut 83 borgarhluta 3 Hlíðar og er á skilgreindu íbúðasvæði, ÍB 13 Norðurmyri.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni.

## Umsögn

Húsið á lóð nr. 85 við Snorrabraut er steinsteypt, fjórbýlishús, byggt árið 1946 skv. fasteignaskrá. Á lóðinni stendur einnig tvöfaldur bílskúr, byggður sama ár skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir álitni skipulagsfulltrúa leyfi til að innrétta íbúð í bílskúr á lóðinni.

Ekki er heimilt að breyta bílskúr á lóð í íbúð og því er neikvætt tekið í erindið. Heildarendurskoðun á skipulagi hverfisins í formi hverfisskipulags gæti mögulega opnað fyrir rýmri heimildir fyrir breytingum af þessu tagi. Sú vinna er langt komin, nú stendur yfir kynning á lokatillögum þess.

Athygli vekur að bakgarður lóðarinnar er nýtt sem bílastæði. Óheimilt er að vera með bílastæði á þessum stað á lóð.

## Niðurstaða

- Neikvætt er tekið erindið, samræmist ekki aðalskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri